

Föstudaginn 29. apríl 1955.

Nr. 41/1955. Sveinn Halldórsson
 gegn
 Ingva E. Bernhardssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Sveinn Hallgrímsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 3. maí 1955.

Nr. 65/1954. Ákærvaldið (Áki Jakobsson hdl.)
 gegn
 Helga Kjartanssyni (Páll Á. Tryggvason hdl.).

Dómenndur:
 hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og Ólafur Jóhannesson
 prófessor.

Ákæra um fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur margvíslegra gagna verið aflað í máli þessu. Yfirmenn og loftskeytamenn á ýmsum togurum, sem voru að veiðum á sömu slóðum og togarinn Úranus um og eftir hádegi 5. apríl 1954, hafa komið fyrir dóm sem vitni. Samkvæmt beiðni verjanda ákærða hér fyrir dómi voru þeir Jónas Sigurðsson, skipstjóri og kennari við Stýrimannaskólann, og Páll Ragnarsson sjómælingamaður dómkvaddir hinn 6. desember f. á. til þess „að rannsaka nákvæmni mælinga við kennileiti á landi og

dýpi á þeim stöðum, sem máli þessu við koma“. Er skoðunargerð þeirra dagsett 18. desember 1954, og hafa þeir staðfest hana fyrir dómi. Í bréfi, dags. 2. febrúar s.l., lét Pétur Sigurðsson, forstjóri landhelgisgæzlunnar, upp álit sitt um ýmis atriði í nefndri skoðunargerð. Hinn 14. febrúar s.l. voru í sakadómi Reykjavíkur lagðar fram 2 ljósmyndir, sem lög-gæzlumenn höfðu tekið, er þeir gerðu athuganir sínar um veiðar b/v Úranusar hinn 5. apríl 1954, en þær höfðu ekki verið lagðar fram í málinu, áður en dómur gekk í héraði. Samkvæmt beiðni verjanda ákærða voru því næst hinn 22. febrúar dómkvaddir þeir Ingólfur Þórðarson, kennari í siglingafræði í Stýrimannaskólanum, og Zophonías Pálsson, skipulagsstjóri ríkisins, til þess að rannsaka ýmis atriði í sambandi við ljósmyndir þær, er að framan var getið. Er skoðunargerð þeirra dagsett 2. marz 1955 og síðan staðfest í sakadómi Reykjavíkur. Loks hafa fyrrgreindir skoðunarmenn Páll Ragnarsson og Jónas Sigurðsson í bréfi 14. marz 1955, er þeir hafa staðfest fyrir dómi, látið í ljós álit sitt um ýmis atriði í greinargerð forstjóra landhelgisgæzlunnar frá 2. febrúar s.l.

Samkvæmt mörkun á sjókort, sem lagt var fram í héraði, var talið, að togarinn Úranus hefði verið tæplega 0.5 sm innan fiskveiðitakmarkanna kl. 12.40 hinn 5. apríl f. á., en sem næst á fiskveiðitakmörkunum kl. 12.51 s. d. Var fyrri staðarákvörðunin studd við miðun og eina hornamælingu, sem gæzlumaður gerði yfir togaranum, en hin síðari við miðun og tvær hornamælingar gæzlumanna, svo sem greinir í héraðsdómi. Við athugun hinna dómkvöddu skoðunarmanna Páls Ragnarssonar og Jónasar Sigurðssonar hefur komið í ljós, að sjókort þetta var mjög ónákvæmt sökum þess, að það hafði orpizt í prentun. Létu þeir því teikna annað kort með stærri mælikvarða og mörkuðu á það fyrrgreindar staðamælingar. Reyndist þá fyrri staðarákvörðunin, kl. 12.40, 0,16 sm innan fiskveiðitakmarkanna, en hin síðari kl. 12.51, 0.35 sm utan þeirra. Hefur forstjóri landhelgisgæzlunnar viðurkennt gallann á sjókortinu og síðari staðarákvörðun skoðunarmannanna, en telur fyrri staðinn vera 0.19 sm innan fiskveiðitakmarkanna.

Gögn málsins veita eigi ótvíræða vitneskju um stefnu b/v Úranusar milli kl. 12.40 og kl. 12.51 umræddan dag. Veitir síðari staðarákvörðunin því ekki sönnun fyrir því, að b/v Úranus hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna kl. 12.40 nefndan dag. Hér kemur því einungis fyrri staðarákvörðunin til álita. Svo sem greinir í héraðsdómi, mældi aðeins annar löggæzlumannanna, sem í flugvélinni voru, horn það, sem fyrri staðarákvörðunin styðst við, eftir merki frá flugstjóranum einum um, að flugvélin væri þá beint uppi yfir skipinu. Var það hornið milli miðsins Búrfell $\pm$ Svörtuloftavita og Tröllakirkju, sem löggæzlumaðurinn mældi. Ljósmyndir, sem fram hafa verið lagðar, benda til þess, að fyrrnefnt mið hafi ekki verið nákvæmt um það, hvar Svörtuloftavita hafi borið við Búrfell, og kennileitið Tröllakirkja er ekki heldur nákvæmt, þar sem leitt er í ljós, að varða, sem gæzlumaðurinn taldi sig miða við, sést ekki þaðan, sem mælingin var framkvæmd. Þykja þeir gallar vera á þessari staðarákvörðun, svo sem nú hefur verið rakið, að hún verði eigi talin næg sönnun þess, að ákærði hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna að botnvörpuveiðum á fyrrgreindum tíma. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Eftir þessari niðurstöðu ber að greiða allan kostnað málsins úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Kjartansson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Áka Jakobssonar og Páls Ásgeirs Tryggvasonar, kr. 4500.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. apríl 1954.

Ár 1954, fimmtudaginn 8. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp

dómur í málinu nr. 1427/1954: Ákærvaldið gegn Helga Kjartanssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Helgi Kjartansson, skipstjóri á b/v Úranusi, RE 343, til heimilis í Efstasundi 41, hér í bæ, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82, 8. desember 1952, um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara mánudaginn 5. apríl 1954 milli kl. 1200 og 1300 úti af Svörtuloftum á Snæfellsnesi innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21, 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44 /1948, og lög nr. 82/1952.

Ákæríst hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og 1. gr. laga nr. 81/1952, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. desember 1914 að Moshúsum í Miðneshreppi. Hinn 6. ágúst 1938 var hann á Siglufirði sektaður um 25.00 krónur fyrir neyzlu áfengis á veitingastað, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt kæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Mánudaginn 5. þ. m., kl. 1230, var flugvélin TF-ISH á gæzluflugi við Snæfellsnes. Í henni voru frá landhelgisgæzlunni Guðmundur Kjærnested skipstjóri, Þorfinnsgötu 8, og Hörður Þórhallsson stýrimaður, Fjölnisvegi 18. Flugstjóri var Sverrir Jónsson, Lokastíg 28 A, og aðstoðarflugmaður Jón Ragnar Steindórsson, Grenimel 2.

Samkvæmt skýrslu landhelgisgæzlumannanna sáust allmargir togarar út af Svörtuloftum kl. 1234, þegar flugvélin var stödd yfir landinu suður af Skarðsvík. Var þá samstundis haldið að þeim og stefnt að þeim, sem virtist vera grynnt. Kl. 1236 var flogið í 400 feta hæð yfir Svörtuloftavita með stefnu þvert af landinu á togarann, og var flughraðinn 120 sjómíllur á klukkustund. Kl. 1238 var flogið yfir b/v Úranus, RE 343, í 400 feta hæð, og togaði þá skipið á vestlægri stefnu með stjórnborðsvörpu í sjó. Flugtíminn frá Svörtuloftavita að togaranum var 1 mínúta og 54 sekúndur, sem gefur fjarlægðina 3,8 sjómíllur frá vitanum. Þar sem athugun þessi benti til þess, að togarinn væri að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, voru gerðar með hornamælingum eftirfarandi athuganir á stað togarans:

A. Flogið yfir togarann í miðinu Búrfell $\pm$ Svörtuloftavita og um leið mældist hornið frá miðinu og í Tröllakirkju $\triangle$ $53^{\circ} 43'$.

B. Kl. 1251 var flogið yfir togarann í sama miði og voru þá mæld eftirfarandi horn:

- a. Búrfell $\triangle$
Tröllakirkja $\triangle$ $> 51^{\circ} 25'$
- b. Svörtuloftaviti $\triangle$
Purkhóll $\triangle$ $> 43^{\circ} 20'$

Á tímabilinu milli athugananna kl. 1236 og 1251 togaði b/v Úranus út frá landinu í vestlægri stefnu. Staðarákvarðanir þessar gefa stað

togaranans þannig, miðað við fiskveiðitakmörkin á þessum slóðum: A. Tæpa $\frac{1}{2}$ sjómílu fyrir innan fiskveiðitakmörkin. B. Um fiskveiðitakmörkin. Jafnframt voru teknar átta ljósmyndir úr flugvélinni á þessum slóðum af togaranum, öðrum skipum og landinu. Ekkert samband var haft við skipið úr flugvélinni. Veður var S eða SA 6, léttskýjað og ágætt skyggni.

Þegar flogið var milli vitans og togarans kl. 1236, gaf flugstjórinn landhelgisgæzlumönnunum upp flughraðann og flughæðina, en jafnframt fylgdist Guðmundur Kjærnested skipstjóri með þessu hvorutveggja í mælitækjum flugvélarinnar. Hornamælingarnar voru gerðar með sextöntum út um rúður á stýrisklefa flugvélarinnar, og mældi Guðmundur Kjærnested skipstjóri hornið í staðarákvörðun A, en báðir lásu landhelgisgæzlumennirnir þá mælingu af sextantinum. Í staðarákvörðun B mældi Guðmundur Kjærnested fyrrnefnda hornið, en Hörður Þórhallsson stýrimaður hið síðarnefnda, en báðir lásu þeir af báðum sextöntunum. Við báðar mælingarnar gaf flugstjórinn merki, þegar flugvélin var beint uppi yfir togaranum, og við fyrri mælinguna tók Hörður Þórhallsson stýrimaður eftir því, að flugvélin var beint uppi yfir togaranum, þegar flugstjórinn gaf merki um, að svo væri.

Skýrsla Sverris Jónssonar flugstjóra um flogið er í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, og um stefnu togarans, þegar flugvélin kom fyrst að honum, skýrir þetta vitni svo frá, að hann hafi haldið í vesturátt, fyrst þó heldur norðan við vestur, en síðan beygt alveg í vestur, og er hér átt við misvísandi stefnur. Þegar flugvélin flaug fyrst út að skipinu, sá vitnið aftan á það, og það hélt í svipaða stefnu og flugvélin. Þetta og ljósmyndin dskj. nr. 9 styrkja mjög skýrslu landhelgisgæzlumannanna um, að togarinn hafi togað í vestlæga stefnu, þegar flugvélin kom að honum. Vitnið hefur skýrt svo frá, að vegna stormsins hafi verið einhver afdrif, og giskar í því sambandi á 5° , en það hefur jafnframt skýrt svo frá, að eigi hafi verið erfitt að stjórna flugvélinni, meðan flogið var yfir togarann.

Öll þessi þrjú vitni hafa staðfest skýrslur sínar með eiði. Tveir dómkvaddir menn, þeir Jónas Sigurðsson siglingafræðikennari og Páll Ragnarsson sjómælingamaður hafa skoðað framrúður í stýrisklefa flugvélarinnar og rannsakað, hvort þær hefðu áhrif á sextantmælingar, sem gerðar eru út um þær, og komið að þeirri niðurstöðu, að áhrif rúðanna virðist vera lítil sem engin á horn, sem mæld eru í gegnum þær.

Aðstoðarflugmaðurinn hefur eigi getað gefið neinar upplýsingar, sem máli skipta.

Ákærði neitar því að hafa verið innan fiskveiðitakmarkanna og heldur því fram, að þegar flugvélin kom fyrst að togaranum, hafi hann verið í 4.2 sjómílna fjarlægð frá grunnlínupunkti, sem var næsta land. Hann skýrir svo frá, að á þeim slóðum, sem nefndar

hafa verið, hafi undanfarna daga verið fiskur á morgnana og fram eftir deginum og hafi hann (ákærði) verið þarna til og frá við Kolluálinn og utan næstu þrjá daga, áður en hann fór til hafnar vegna kærunnar. Að morgni 5. þ. m. kom hann á þær slóðir, sem hann var á, þegar flugvélin kom að, og byrjaði þá að toga, eins og hans var vani, 5.8—6.0 sjómílur frá grunnlínupunktinum. Hann togaði fyrst í ýmsar stefnur og fylgdi þá eftir vissu dýpi á beygju í kantinum, en aðaltogstefnan er þarna A til N og A til NA. Þessari síðustu stefnu hélt ákærði, þar til hann kveðst hafa verið kominn í 4.2 sjómílna fjarlægð frá grunnlínupunktinum, og á þessu upptogi togaði hann í miðinu: Öxlin nyrzt á Stóra-hólinn. Ákærði þekkir ekki staði þessa með öðrum nöfnum, og er óvíst, hver Stóri-hóllinn er, en Öxlin er fjallið Hreggnasi, eftir því sem næst verður komizt. Hefur ákærði hvorki getað bent á hólinn á framlögðum ljósmyndum eða sjókorti né á herforingjaráðskorti af yzta hluta Snæfellsness, sem honum var sýnt fyrir dómi. Á upptoginu var í kringum 70 faðma dýpi, en þegar komið var í áðurnefnda fjarlægð frá landi, beygði ákærði með fullu stýri til norðurs, þar til dýpkaði niður í 140 faðma. Eftir að beygt hafði verið til norðurs, var togað í þá átt í örfáar mínútur meðfram fiskveiðitakmarkalínunni, en síðan snarbeygt til SSV, þar til komið var á ákveðið dýpi, í kringum 110 faðma, sem fylgt var í úttoginu. Samkvæmt skýrslu ákærða var togarinn að toga í norðurátt með stjórnborðsvörpu, þegar flugvélin kom fyrst að honum. Beygjan var þá alveg nýafstaðin, og lágu þá togvírarnir undir skipið í 90° horn við það. Fjarlægð togarans frá landi mældi ákærði með ratsjá hans, sem hann segir hafa verið í góðu lagi, enda var hún þá nýviðgerð. Ákærði skýrir svo frá, að bæði fyrr þenna sama dag og eins daginn áður hafi björgunar- og varðskipið Sæbjörg verið þarna í nánd, og hafi hann þá togað á sama hátt og lýst hefur verið, en á að gizka hálfri klukkustund áður en flugvélin kom, hafi Sæbjörg horfið sér sjónum fyrir Öndverðarnesið, og sá hann hana ekki eftir það fram að komu flugvélarinnar.

Dómurinn hefur kvatt þrjá menn, þá Jón Sigurðsson siglingafræðikennara, Pál Ragnarsson sjómælingamann, sem áður eru nefndir, og Rikharð Sigmundsson rafvirkjameistara, sem annast ratsjárviðgerðir, til að rannsaka ratsjá togarans, einkum nákvæmni fjarlægðarmælis hennar, og fór sú rannsókn fram í dag, og reyndist ratsjain vera í lagi.

Stýrimaður togarans, Jóhannes Sigurbjörnsson, Víðimel 23, var ásamt ákærða og loftskeytamanni togarans í stýrishúsi hans, þegar flugvélin kom að. Hefur hann skýrt svo frá, að þá hafi togarinn verið að snúa til norðurs á 70 faðma dýpi og verið í miðinu: Öxlin í norðurrottina á Stóra-hólnum. Hann kveðst ekki hafa litið í ratsjá togarans, en heyrt ákærða og loftskeytamanninn, sem báðir litu í ratsjána við þetta tækifæri, segja, að togarinn væri 4.2 sjómílur

frá landi. Þetta vitni staðfesti í aðalatriðum frásögn ákærða um björgunar- og varðskipið Sæbjörgu. Vitnið staðfesti ekki skýrslu sína með eiði og færði fram þá ástæðu fyrir undanfærslu sinni um það, að það hefði fyrir mörgum árum ákveðið að vinna aldrei eið.

Loftskeytamaður togarans, Stefán Ágústsson, Langholtsvegi 183, hefur skýrt svo frá og staðfest með eiði, að hann hafi litið í ratsjá togarans, þegar flugvélin bar að fyrst, og sýndi ratsjain þá fjarlægðina rúmar 4 sjómílur frá landi. Hann gerir sér ekki grein fyrir, hve miklu meiri en 4 sjómílur fjarlægðin var, en gizkar á 0.2—0.3 sjómílur.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Sigurjón Stefánsson, skipstjóri á b/v Ingólfi Arnarsyni, til heimilis á Hofteigi 23, og skýrt svo frá og staðfest með eiði, að þegar flugvélin flaug yfir skipin, hafi verið á þeim slóðum um 8—10 skip, og var b/v Ingólfur Arnarson eitt þeirra og var að toga í N $\frac{3}{4}$ A. Vitnið var á stjórnpalli, og ratsjá skipsins í gangi, og kveðst það hafa séð í henni, að fjarlægð skipsins frá landi var um 4.4 sjómílur. Þá sá vitnið fjögur eða fimm skip uppi undir fiskveiðitakmörkunum, öll að toga norður með, og var b/v Úranus eitt þessara skipa og næst landi, en eigi munaði þó miklu, hvað það skip var nær landi en hin. Vitnið mældi ekki stað b/v Úranusar og miðaði hann ekki með neinni nákvæmni, en segir hann hafa verið ca beint framundan sínum togara í á að gizka $\frac{3}{4}$ sjómílu fjarlægð og togað í sömu stefnu, en beygt rétt á eftir út um. Vitnið telur, að öll þessi skip hafi verið utan fiskveiðitakmarkanna, og byggir það álit sitt á framangreindri ratsjarmælingu, sjónhendingu sinni og sjómannsreynslu.

Einnig hefur komið fyrir dóminn sem vitni Pétur Breiðfjörð Guðmundsson, skipstjóri á b/v Þorsteini Ingólfssyni, til heimilis á Sörlaskjólí 17, og skýrt svo frá og staðfest með eiði, að þegar flugvélin flaug yfir skipin, hafi sinn togari verið að toga til norðurs, og sýndi ratsjain þá fjarlægðina frá Svörtuloftavita 4.3—4.4 sjómílur. Vitnið sá þá b/v Úranus á að gizka hálfri til heilli sjómílu norðan við sitt skip, og togaði hann til norðurs og hafði gert það einhvern tíma, áður en flugvélin bar að. Stefur þær, sem vitnið greinir, eru kompásstefnur. Sökum þess að b/v Úranus var beint norður undan b/v Þorsteini Ingólfssyni, álitur vitnið, að bæði skipin hafi verið í svipaðri fjarlægð frá landi, og telur b/v Úranus hafa verið 4.2—4.3 sjómílur undan Svörtuloftavita. Eigi greindi vitnið, að b/v Úranus væri nær landi en önnur skip, og minnst þess ekki, að neitt skip væri áberandi nálægt landi þarna.

Loftskeytamaðurinn á sama skipi, Eyjólfur Thoroddsen, Reynimel 28, hefur komið fyrir dóminn sem vitni og skýrt svo frá og staðfest með eiði, að það hafi litið í ratsjá skipsins, þegar flugvélin flaug yfir, og hafi ratsjain þá sýnt fjarlægð skipsins frá Svörtuloftavita um 5 sjómílur. Virðist þetta vitni og skipstjórinn á togaranum hafa athugað ratsjána með talsverðu millibili, þar sem á

mælingum þeirra munar um 0.6—0.7 sjómílum. Skipið var þá að toga í norðurátt, og sá vitnið b/v Úranus í áætlaðri 1½ sjómílu fjarlægð í norðlægrí stefnu frá b/v Þorsteini Ingólfssyni, og var hann einnig að toga í norðlæga stefnu. Eigi mældi vitnið þessa fjarlægð með neinu tæki né heldur, í hvaða stefnu b/v Úranus var frá b/v Þorsteini Ingólfssyni, og er umsögn vitnisins um þetta atriði byggð á sjónhendingu þess. Vitnið sá ekkert skip nær landi en b/v Úranus, en álitur, að hann hafi ekki verið nær landi en hin skipin.

Mætt hefur sem vitni Ingvar Guðmundsson, skipstjóri á b/v Gylfa frá Patreksfirði, og skýrt svo frá og staðfest með eiði, að þegar flugvélin flaug fyrst yfir skipin, hafi það ætlað að fara að kasta vörpunni og þess vegna litið í ratsjána, og sýndi hún fjarlægð skipsins frá Svörtuloftavita, 6.0 sjómíllur, og var stefnan frá vitanum í vestur af norðri eða mjög nálægt því. Vitnið sá b/v Úranus og virtist hann vera í 2 sjómílna fjarlægð frá b/v Gylfa uppi undir fiskveiðitakmarkalínunni, og byggir vitnið þetta á því, að það sá b/v Úranus í ratsjanni. Ekki leit vitnið á klukku, þegar þetta gerðist. Þetta vitni kveðst halda, að b/v Úranus hafi verið á suðvesturtogi, þegar flugvélin kom fyrst að, en eigi kveðst vitnið hafa athugað þetta né muna það með neinni vissu.

Þenna umrædda dag var v/s Vatnajökull á leið frá Vestfjörðum til Reykjavíkur. Skipstjórinn á því skipi, Bogi Ólafsson, Miðtúni 32, hefur borið vitni í máli þessu og staðfest skýrslu sína með eiði. Kl. 1306, þ. e. a. s. um hálfri klukkustund eftir að flugvélin flaug fyrst yfir togarana, var Svörtuloftaviti samkvæmt 4-strika mælingu vitnisins í 1.2 sjómílna fjarlægð frá v/s Vatnajökli í misvísandi AaS. Stýrt var misvísandi SaV. Vitnið gerði enga staðarákvörðun fyrr við Snæfellsnesið. Þegar vitnið sigldi þarna suður með, sá það nokkur skip lengra frá landi, horfði á þau í sjónauka, sem það segir vera góðan, og sá ekki nafn þeirra, númer eða reykháfsmerki. Vitnið mældi ekki stað neins þessara skipa, en gizkar á, að þau hafi ekki verið minna en 3 sjómíllur frá v/s Vatnajökli og sum meira og miklu meira, og kveðst vitnið byggja þetta álit sitt og ágizkun á margra ára reynslu.

Kl. 2258 hinn 5. þ. m. átti forstjóri landhelgisgæzlunnar tal við ákærða og tjáði honum, að þess væri óskað, að hann yrði kominn til Reykjavíkur næsta morgun til rannsóknar á hinu meinta fiskveiðibroti hans, og eftir þetta gekk á skeytasendingum milli landhelgisgæzlunnar og ákærða um, að hann kæmi án tafar til hafnar, og var ákærði andvígur því og segir í einu skeyti sínu, að hann telji enga ástæðu til að koma inn fyrr en hinn 12. þ. m.

Kl. 0340 hinn 6. þ. m. fékk varðskipið Þór fyrirskipun um að láta úr höfn hið fyrsta til að sækja b/v Úranus. Vegna vélahreinsunar í varðskipinu gat það eigi látið úr höfn fyrr en kl. 0620. Kl. 0855 átti varðskipsforinginn tal við ákærða og sagði honum erindi sitt. Kvaðst ákærði þá vera farinn að halda í áttina til Reykjavíkur og

hafa ætlað að gefa sig fram. Beið varðskipið þá eftir b/v Úranusi móts við Akranes, en um kl. 1720 voru bæði skipin komin inn á Reykjavíkurhöfn. Veður til hádegis þenna dag var SSA 9, en eftir hádegi VSV 9—10.

Vitnaskýrslur skipstjóranna á b/v Gylfa, b/v Ingólfi Arnarsyni og b/v Þorsteini Ingólfssyni, loftskeytamannsins á hinu síðastnefnda skipi og skipstjórans á v/s Vatnajökli sýna, að ekkert þessara vitna mældi stað b/v Úranusar, og síðastnefnda vitnið sá ekki skipið til að þekkja það frá öðrum. Eru skýrslur þessara vitna um stað b/v Úranusar yfirleitt byggðar á sjónhendingum og ágizkunum og geta í engu hnekkt skýrslum landhelgisgæzlumannanna í flugvélinni.

Þá telur dómurinn, að skýrsla loftskeytamannsins á b/v Úranusi um ratsjárfrjarlægðina og staðhæfing ákærða um hið sama geti eigi heldur hnekkt skýrslum landhelgisgæzlumannanna.

Telur dómurinn því sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum á togaranum á þeim tíma og stað, sem segir í skýrslu landhelgisgæzlumannanna, þ. e. a. s. um hálfa sjómílu, eða nánar tiltekið 0.4—0.5 sjómílu, innan fiskveiðitakmarkanna, og er í þessu sambandi einnig þess að geta, að í miðinu Búrfell $\pm$ Svörtuloftavita er ekki 70 faðma dýpi merkt á sjókortinu utan fiskveiðitakmarkanna.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru.

Samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem í ákæru eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 656 brúttó smálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Úranusar, RE 343, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þenna kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendur Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Kjartansson, greiði 74000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Úranusar, RE 343, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.